

Haustferð Betadeildar fimmtudaginn 15. sept 2016

1. fundur Betadeildar starfsárið 2016 – 2017

15 konur og héldu glaðar af stað frá Icelandair hótelinu kl. 17, í rútu frá SBA.

Fyrsti viðkomustaður var að Klængshóli í Skíðadal þar sem Anna Dóra Hermannsdóttir tók á móti okkur og bauð okkur til hlöðu. Þar var farið í jóga í notalegum sal á hlöðuloftinu. Eftir góða slökun sagði Anna Dóra okkur aðeins frá starfseminni sem hún og Jökull Bergmann sonur hennar hafa byggt upp á jörðinni. Þau reka þar ferðaþjónustu fyrir fjallaskíðamenn. Aníta formaður þakkaði Önnu fyrir hönd okkar, sagði henni frá samtökunum og færði henni rós í þakklætisskyni.

Þá var haldið að Völlum í Svarfaðardal þar sem hjónin Bjarni Óskarsson og Hrafnhildur Ingimarsdóttir tóku á móti okkur. Við byrjuðum á því að skoða framleiðslu þeirra en þau rækta alls kyns ber og grænmeti og vinna úr því ásamt því að tína bláber og sveppi sem þau vinna og selja frá sér. Þau eru einnig að fíkra sig áfram með ýmislegt fleira s.s. fiskeldi og ostavinnslu.

Að því loknu var aftur haldið til hlöðu en í þetta sinn í hlöðu sem þau hjón hafa útbúið sem veislusal. Þar beið okkar fallega dekkjað borð og hlýlegt umhverfi.

1. Aníta kveikti á kertum, setti fund og flutti kveðjur fjarstaddra kvenna. Þá var borin fram dýrindis gúllassúpa enda konur orðnar svangar eftir ferðalag og jóga.
2. Fríða flutti orð til umhugsunar. Hún fjallaði um það hvernig bækur geta haft áhrif og þroskað og sagði frá því hvernig smásögur Ástu Sigurðardóttur höfðu áhrif á hana. Hún las síðan stuttan kafla úr bókinni *Minn hlátur er sorg* sem fjallar um lífshlaup Ástu Sigurðardóttur eftir Friðrikku Benónýs.
3. Fríða las fundargerð síðasta fundar, í fjarveru Ragnheiðar sem ritaði þá fundargerð. Hún var samþykkt með smávægilegri leiðréttingu.
4. Aníta las markmið DKG og kynnti eftir það nýja stjórn og bað konur um að íhuga það að taka við gjaldkerastarfinu þar sem Margrét lætur nú af gjaldkerastörfum. Nokkrar umræður um eðli gjaldkerastarfsins og fyrrum gjaldkerar greindu frá því að enginn þyrfti að óttast þetta starf. Einnig urðu nokkrar umræður um að senda innheimtu félagsgjalda í heimabanka og var því vel tekið.
5. Aníta kynnti þema sem ný stjórn leggur fram til næstu tveggja starfsára. Þemað er **Innri auður** þar sem áherslan verður á að nýta styrk félagskvenna og horfa inn á við. Þetta á góðan samhljóm í markmiðum DKG og áherslum sem kynntar voru á nýliðnum Framkvæmdaráðsfundi sem Aníta sótti fyrir hönd Beta. Aníta minnti á að á næsta ári er afmælisár Betadeildar og landssambandsþing DKG er fyrirhugað á Akureyri.
6. Sigríður kynnti þá fundaskipulag vetrarins og kaffinefndir. Á meðan konur gaumgæfðu þau plögg var borinn fram dýrindis desert úr jarðaberjum og rabarbara úr garði þeirra Vallarhjóna. Aníta varpaði því því fram fyrir hönd stjórnar að e.t.v. væri komin tími til þess að breyta leshringsfundinum þar sem mæting á hann hefur verið dræm undanfarin ár. Nokkrar umræður um það og tóku konur ekki illa í það. Lagt til að umsjónarhópur þess fundar velti því fyrir sér. Fundaskipulagið var svo samþykkt með fyrirvara um leshringsfund og að fundur sem settur var 18. apríl verði viku seinna vegna þess hve nálægt páskafríi hann er.
7. Aníta minnti á samþykkt frá í vor um fjölgun í deildinni um þrjár konur á þessu starfsári og fór yfir starfsreglur þar að lútandi. Hún fór einnig yfir skiptingu starfa innan deildarinnar og lagði til að konur horfðu til þess er þær veltu fyrir sér nýjum félagskonum. Hún minnti á að kynningar eiga að fara fram á 2. fundi starfsársins og vakti athygli á því að eyðublöð vegna

kynninga er að finna á heimasíðunni. Nokkrar umræður um kynningar og minnt var á þær starfsreglur að fyrst skuli kynna þær konur sem stungið er upp á og ef samþykki fæst er þeim boðið á næsta fund.

8. Önnur mál

- 5. október, alþjóðadagur kennara. Selma, kynnti dagskrána fyrir hönd undirbúningsnefndar. Haldið verður málþing í húsakynnum Símei um nýja kennarann í starfi. Óskað er eftir því að félagskonur aðstoði við framkvæmd s.s. að stilla upp og leggja til bakkelsi. Nokkrar umræður urðu um kleinubakstur en úr varð að nokkrar buðu sig fram í að baka muffins. Eygló bað konur um að auglýsa málþingið á vinnustöðum sínum.
- Minnie lýsti yfir ánægju með val nýrrar stjórnar á þema.
- Aníta kynnti fyrirspurn frá Rauða krossinum um að félagskonur komi að því að aðstoða nýbúa í skólum bæjarins. Nokkuð óljóst hvernig þetta er hugsað og ætlaði Aníta að kanna það aðeins nánar og kynna þá síðar.

Þá var dregið í happdrætti og fékk Sigrún Aðalgeirsdóttir vinninginn í þetta sinn og eftir það var pyngjan góða látin ganga.

Þá stóð Aníta upp og lýsti þeirri ósk sinni að við myndum taka upp þann sið að ljúka fundum á að taka lagið saman. Hún óskaði eftir stuðningi frá Maríu Gunnarsdóttur. Stakk María upp á því að við syngjum í þetta sinn lagið Kvöldu tekur sest er sól. Þetta vakti lukku og urðu nokkrar umræður um að taka saman söngbók og skoða söngbók DKG sem til er í formannstöskunni.

Vallarhjórn voru kölluð fram og fengu þau góðar þakkir og hefðbundna rós með kynningu á DKG. Bjarni sagði okkur aðeins frá því hvernig það bar til að þau eru með aðsetur á Völlum og sagði frá þeim verkefnum sem þau sinna. Fyrir utan ræktun og veisluþjónustu þá hafa þau komið á fót minningarsjóði sem kenndur er við Guðmund góða sem var fyrsti presturinn á Völlum.

Fundi slitið kl. 21:50 og þá var haldið heim úr Svarfaðardal undir fullu tungli og fögrum næturhimni.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir